

Mál nr 10/2019

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Síðumúla15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 10/2019

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 5. mars 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði X hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem í ljós kom að tíkin var pöruð eftir 7 ára aldur og ekki liðu tilskildir 12 mánuðir milli gota. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 18. mars 2019 og honum gefinn frestur til 20. apríl að skila inn andmælum. Svar barst siðanefnd dagsett 5. apríl og var afrit þess sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var það mat siðanefndar að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 3. janúar 2019 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 10. ágúst 2018 og gaut hún 7 hvolpum hinn 10. október. Við pörun var tíkin rétt að verða 8 ára og hafði gotið tvisvar sinnum áður. Næsta got á undan var 19. mars 2018 og því aðeins liðnir tæpir 7 mánuðir milli gota en ekki amk. 12 mánuðir eins og kveðið er á um í grundvallarreglum félagsins. Hundarnir eru af hundakyninu Labrador retriever og er tíkin í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svarbréfi kærða tiltekur hann að hafa ekki kynnt sér lög og reglur félagsins og játar að það hafi verið mistök af sinni hálfu en það hafi alls ekki verið ætlun hans að gerast brotlegur.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í kafla 3, grein 3.4 segir:

3.4. Láta ekki tík gjóta oftast en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

Óumdeilt er að ekki liðu tilskildir 12 mánuðir milli gota eins og grundvallarreglur félagsins kveða á um. Þessi regla er sett með dýravelferð að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera það bæði ljúft og skylt að halda hana í heiðri.

IV. Niðurstaða.

Kærði X telst hafa gerst brotlegur við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir